ársskýrsla 2013

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

Efnisyfirlit

Ávarp formanns 5
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar 6
Starfsfólk 7
Starfssöðvar 8
EQM gæðakerfið 8
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum 9
Rekstur
Tölfræðiupplýsingar hjá Símenntunarmiðstöðinni
Formlegir samstarfsaðilar 15
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Fræðslusjóður
Stóriðjuskólinn
Menntastoðir
Þróunarsjóður
Náms- og starfsráðgjöf 21
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði
Nám fyrir fólk með fötlun 24
Samstarfsverkefni 27
Innlend
Erlend
Fjarnám 25
Málþing og ráðstefnur 38
Málþing um innflytjendur
Menntaþing í Borgarbyggð
Framhaldsfræðsla á Íslandi 40
Framhaldsfræðsla erlendis. 40
Lokaorð 41

Ávarp formanns stjórnar

Vetur er við það að kveðja og vorið er í nánd, áfangi er að baki og ný verkefni handan við hornið. Við áfangaskil viljum við gjarnan staldra við og skyggnast yfir farinn veg. Þessa stundina er það frostið sem skerpir útlínur allra hluta í okkar nærumhverfi og gerir útlínur hlutanna oft á tíðum skarpari.

Á vegi tímans gilda hinsvegar þau umferðarlög að þar fær enginn að staldra við. Áfram, áfram, segir röddin sem ræður umferðinni og hennar valdi fær engin breytt. Áfram höldum við og ráðum engu um hraðann. Hvort sem okkur er létt eða þungt um spor, hvort sem við höfum meðbyr eða mótbyr, hvort sem við horfum bjartsýn fram til einhvers eða döpur um öxl í söknuði og trega, þá fáum við hvorki aukið ferðina né seinkað - og aldrei aftur snúið.

Tíminn sem við mælum daga og ár er ekki annað en form og mót. Við sköpum innihaldið og frá því sjónarmiði er tíminn sama og lífið sjálft. Líðandi stund er efnið sem við höfum í höndunum til þess að móta innihaldið og þá um leið hamingju okkar. En til þess að öðlast hlutdeild í hamingjunni þá skiptir trúlega ekki máli hversu mikið við fáum í okkar hlut heldur hvernig við hugsum um það sem okkur er gefið, það er hvernig við verjum lífi okkar og tíma.

Það er því hverju samfélagi lífsnauðsynlegt að búa yfir öflugu menntasamfélagi þar sem einstaklingar eru hvattir til þátttöku á sínum forsendum. Þar hefur Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi mikilvægu hlutverki að gegna og hefur undanfarin ár unnið markvisst að því að efla sig og styrkja þannig að sem best nýting verði fyrir samfélagið í heild sinni.

Þrátt fyrir að tíminn láti ekki að stjórn og haldi sinni taktvissu ferð áfram, þá getum við með gjörðum okkar í dag lagt grunn að bættri framtíð okkar. Spekingur nokkur var einu sinni spurður að því hvaða tími væri mikilvægastur í lífi sérhvers manns. Hann svaraði: „Mikilvægasti tíminn í lífi hvers manns er ævinlega sú stund sem yfir stendur."

Guðrún Lárusdóttir
formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi og endurmenntunarstjóri Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa 6 aðila í stjórn á aðalfundi til tveggja ára í senn. Á aðalfundi 2013 voru eftirfarandi fulltrúar skipaðir:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Atli Harðarson	Jens B. Baldursson
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Róbert Jörgensen
Háskólinn á Bifröst	Guðrún Björg Aðalsteinsd.	Signý Óskarsdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Jón Eggert Bragason	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélögin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar hélt þrjá stjórnarfundi á árinu 2013 og aðalfundurinn var haldinn 6. júní 2013.

Vilhjálmur Egilsson rektor við Háskólann á Bifröst og formaður verkefnisstjórnar tilraunaverkefnis í Norðvesturkjördæmi um hækkað menntunarstig fólks á vinnumarkaði kynnti verkefnið og hvaða leiðir eru mögulegar til að hækka menntunarstigið.

Starfsfólk

Þann 1. janúar 2014 voru 5 einstaklingar á launaskrá í 4,35 stöðugildi, en þeir eru:

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100 % starfshlutfall
Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Kristín Björg Árnadóttir verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, 85% starfshlutfall

Svava Björg

Guðrún Vala

Inga Dóra

Kristín Björg

Hekla

Auk þess eru að meðaltali um 100 verktakar sem starfa við kennslu og önnur verkefni á ári hverju hjá stofnuninni.

Starfsstöðvar

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi rekur þrjár starfsstöðvar; á Akranesi, í Borgarnesi og í Ólafsvík.

Húsnæði	Staður	Heimilisfang	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Fasteignir ríkisins
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofa og kennslustofa	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Átthagastofa Snæfellsbæjar

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir allar starfsstöðvarnar.

EQM gæðakerfið

Í lok árs 2012 fékk Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi gæðavottun EQM. Símenntunarmiðstöðin hefur þannig uppfyllt aðalforsendur þær sem krafist er af aðilum sem sinna fullorðinsfræðslu.

Við innleiðinguna á EQM fékk starfsfólk leiðbeinandi viðmið frá úttektaraðila sem var unnið með á árinu 2013. Nokkrir vinnufundir voru haldnir þar sem starfsfólk SMV fór yfir gæðamálin og m.a. er gæðahandbókin og gátlistar henni tengdri í sífelldri endurskoðun og þróun.

Í desember 2013 var svo komið að endurúttekt og stóðst Símenntunarmiðstöðin hana. Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar er sífellt að laga sig að breyttu vinnulagi sem tilkomu gæðakerfisins og er mikil ánægja á meðal þess með þetta kerfi og þær breytingar sem það hefur haft í för með sér. Símenntunarmiðstöðin fer svo í árlega úttekt héðan í frá til að athuga hvort ekki sé unnið í takt við gæðaviðmiðin og veitir þessi árlega úttekt nauðsynlegt aðhald við gæðakerfið og gæðastarfið innan stofnunarinnar.

GÆÐAVOTTUN FRÆÐSLUAÐILA

Það er BSI á Íslandi ehf. sem tekur út starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar.
Upplýsingar um EQM: ***http://frae.is/gaedavottun/***
EQM á Facebook: ***https://www.facebook.com/EuropeanQualityMark***

Starfsemi Símenntunar-miðstöðvarinnar í tölum

Rekstur





Tölfræðiupplýsingar hjá Símenntunarmiðstöðinni

Á árinu 2013 voru 848 þátttakendur á námskeiðum og í lengra námi hjá Símenntunarmiðstöðinni. Af þessum 848 voru 517 konur eða 61% og karlar 329 eða 39%. Alls voru haldin námskeið fyrir 76 hópa, kennslustundir voru 2.665 og nemendastundir voru 35.911. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda margfaldað með kennslustundafjöldi.






Heildarfjöldi kennslustunda 2007-2013
Kennslustundir
5000
4500
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
2375,5
2200
2898
4324
3800
3021
2.665
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013


Kynjaskipting á námskeiðum 2010-2013
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
367
974
393
1188
342
733
329
517
2010
2011
2012
2013
konur
karlar


Fjöldi nemenda eftir svæðum 2009-2013
Fjöldi
600
500
400
300
200
100
0
366
396
39
238
366
469
60
446
515
492
78
496
479
248
84
264
354
283
31
180
2009
2010
2011
2012
2013
Akranes
Borgarnes
Búðardalur
Snæfellsnes


Fjöldi kennslustunda eftir svæðum 2009-2013
2000
1800
1600
1400
1200
1000
800
600
400
200
0
1448
978
17
455
1767
1278
104
1.175
1864
916
137
883
1.869
557
148
447
1572
736
96
261
2009
2010
2011
2012
2013
Akranes
Borgarnes
Búðardalur
Snæfellsnes





	Námsbrautir FRÆ	Tölvunámskeið	Ísl. fyrir útlendinga	Atvinnutengt	Fjölmennt	Handverk	Heilsa og vellíðan	Annað
2013	23705	1.764	4.440	3154	1468	387	768	468
2012	24330	2043	5880	3278	1797	1025	1763	959

Myndir úr starfinu



Formlegir samstarfsaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Árið 2011 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum og er þessi samningur byggður á umræddum framhaldsfræðslulögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2014.

Í samningnum segir m.a.:

> Meginmarkmið með samningi þessum eru að Símenntunarmiðstöðin mun;
> - vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila,
> - vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
– Fræðslusjóður og Þróunarsjóður

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

a. Framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald.
b. Framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.
c. Styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar námsleiðir samkvæmt náms-skrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og í raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2013 skiptist svona:

Vottaðar námsleiðir: 14.900.000 kr.
Náms- og starfsráðgjöf: 7.500.000 kr.
Raunfærnimat: 380.000 kr.
Samtals: 22.780.000 kr.

Í ágúst 2013 barst staðfesting frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að veitt yrði viðbótarfjármagni í Fræðslusjóð að tillögu stýrihóps í „Nám er vinnandi vegur". Þetta var gert til að mæta uppsafnaðri þörf á landsvísu fyrir vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Símenntunarmiðstöðvunum var gefinn kostur á að sækja um viðbótarfjármagn í sjóðinn, en Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi sótti um fjármagn og fékk úthlutað 10.578.400 kr.

Hér að neðan er yfirlit yfir námsleiðir sem var komið í framkvæmd á árinu 2013 og eins yfirlit yfir þær námsleiðir sem tókst ekki koma í framkvæmd vegna of lítillar þátttöku.

Framkvæmdar námsleiðir			Fj. þáttt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	KVK	KK	Meðalaldur
Akranes	Skrifstofuskólinn - atvinnuleitendur	Vor	9	240	2.160	9	0	43
	Menntastoðir - dreifnám	Haust	20	220	4.400	13	7	32
Akranes	Sterkari starfsmaður - atvinnuleitendur	Vor	8	150	1.200	4	4	33
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám 2012-2013	Vor	31	300	9.300	2	29	40
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám 2013-2014	Haust	16	150	2.400	3	13	40
Akranes	Stóriðjuskólinn - framhaldsnám 2013-2014	Haust	18	193	3.474	1	17	43
	Samtals		**102**	**1.253**	**22.934**	**32**	**70**	**38**

Óframkvæmdar námsleiðir - auglýst		
Akranes/Borgarnes	Skrifstofuskólinn - staðnám	Vor
Snæfellsnes	Fagnámsk. f. starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu	Vor
Borgarnes	Skrifstofuskólinn - staðnám	Haust
Snæfellsnes	Skrifstofuskólinn - staðnám	Haust
Borgarnes	Landnemaskólinn - staðnám	Haust

Margvíslegar ástæður eru fyrir því að ekki tókst að koma þessum námsleiðum af stað. Svo virðist sem markaðurinn kalli eftir fleiri námstækifærum í dreifnámi og einnig að starfsfólk fyrirtækja og stofnana fái, að einhverju leyti, tækifæri til að stunda starfstengt nám í sínum vinnutíma.

Stærstu námsleiðirnar sem Símenntunarmiðstöðin stendur fyrir er Stóriðjuskólinn í Norðuráli og Menntastoðir. Stóriðjuskólinn hefur verið rekinn í Norðuráli frá ársbyrjun 2012 og verður hluti af símenntun innan fyrirtækisins næstu árin.

Menntastoðir er nýtt tækifæri til náms, þar sem fólki gefst m.a. kostur á að undirbúa sig undir nám í frumgreinadeildum háskólanna.

Hér á eftir er betur greint frá þessum tveimur verkefnum.

Stóriðjuskólinn

Símenntunarmiðstöðin rekur Stóriðjuskólann samkvæmt námskrá sem gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og viðurkennd af mennta- og menningarmámálaráðuneytinu. Námskránni er skipt í tvennt, annars vegar í grunnnám og hins vegar framhaldsnám. Grunnnámið er kennt á þremur önnum, einn dag í viku frá 7:45-16:00 og sami háttur er hafður á með framhaldsnámið.

Samkvæmt samstarfssamningi sem Símenntunarmiðstöðin gerði við Fjölbrautaskóla Vesturlands þá kennir starfsfólk Fjölbrautaskólans ákveðna námsþætti í Stóriðjuskólanum.

Í janúar 2012 hófu tveir hópar starfsmanna Norðuráls nám í grunnnáminu og voru 31 einstaklingur útskrifaður við hátíðlega athöfn í Norðuráli í apríl 2013, 29 karlar og 2 konur.

Haustið 2013 var Stóriðjuskóli Norðuráls settur í annað sinn og að þessu sinni hófu tveir hópar nám við skólann, annar í grunnnámi og hinn í framhaldsnámi, samtals 34 einstaklingar. Sem áður voru umsóknir mun fleiri en námsplássin sem stóðu til boða, bæði í grunn- og framhaldsnámið.

Gert er ráð fyrir að í janúar 2015 hefji þriðji hópurinn í grunnnáminu nám og annar hópurinn í framhaldsnáminu.

> Nánari upplýsingar um námskrána má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:
> ***http://frae.is/namsskrar/nam-i-storidju/***

Námskráin verður endurskoðuð á árinu 2014.

Menntastoðir

Menntastoðir er 660 kennslustunda nám ætlað þeim sem hafa ekki lokið stúdentsprófi en stefna á nám við frumgreinadeild háskóla og háskólanám.

Árið 2012 auglýsti Símenntunarmiðstöðin, í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Farskólann á Norðurlandi vestra, Menntastoðir í dreifnámi. Nokkrir einstaklingar höfðu áhuga, en ekki náðist þó lágmarksþátttaka.

Haustið 2013 var ákveðið að bjóða aftur upp á Menntastoðir, en í það sinn var þátttökugjaldið mun lægra en áður eða 25.000 kr. í stað 116.000, en það var niðurgreitt með fjármagni sem kom í Fræðslusjóð að tillögu stýrihóps í „Nám er vinnandi vegur". Viðbrögðin stóðu ekki á sér og 24 skráðu sig í nám og um áramótin 2013/2014 voru 20 eftir sem stefna á að ljúka námi vorið 2014.

> Nánari upplýsingar um námskrána má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:
> ***http://frae.is/namsskrar/menntastodir/***

Þróunarsjóður

Hlutverk Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs sem ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Símenntunarmiðstöðin sótti um styrk í fimm verkefni og fékk úthlutað styrk í tvö þeirra.

Hér er yfirlit yfir verkefnin:

HEITI VERKEFNIS:

Skapandi tæknivitund

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Meginmarkmið náms í almennri tæknivitund er að gera þátttakendum kleift að öðlast þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er í störfum sínum við umhirðu, rekstur og viðhald nútíma tækjabúnaðar sem er orðinn mjög sérhæfður og flókinn.
  Hér er um námskeið að ræða sem mun samtvinna verklegt og bóklegt nám þar sem þátttakendur fá að kynnast, af eigin raun, nútímalegum tæknilausnum sem notaðar eru bæði til sjávar og sveita.
- Markmiðið er að útbúa námsefni og tilraunakenna tvö 30 kennslustunda námskeið.

Sótt var um kr. 1.456.000 og fékkst styrkur að upphæð 1.280.000 kr.

HEITI VERKEFNIS:

Áhugasvið í nýju landi

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Að bjóða erlendum íbúum á Íslandi upp á ,,aðlagaða" áhugasviðskönnun.
- Að veita erlendum íbúum ráðgjöf og upplýsingar er varða tengsl áhugasviðs, námstækifæra og starfsmöguleika hérlendis.

Sótt var um kr. 1.405.000 en verkefnið fékk ekki styrk.

HEITI VERKEFNIS:

Bendill áhugasviðskönnun fyrir fólk með þroskahömlun

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Að gefa fólki með þroskahömlun tækifæri til að taka áhugasviðskönnunina Bendil á skiljanlegu formi þar sem áhugasvið þess er kortlagt.

Sótt var um kr. 2.892.000 en verkefnið fékk ekki styrk.

HEITI VERKEFNIS:

Íslenska fyrir þig – Icelandic for you

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Að svara kalli erlendra íbúa á Íslandi sem vilja læra meiri íslensku og á eigin forsendum, hraða og tíma, með því að bjóða upp á fjarnám.
- Að bæta aðgengi að íslenskunámi í dreifbýli.
- Gefa fólki af erlendum uppruna kost á að dýpka þekkingu sína á íslenskri málfræði, málnotkun og orðaforða

Sótt var um kr. 1.210.000 en verkefnið fékk ekki styrk.

HEITI VERKEFNIS:

Listnámsbraut fyrir fólk með fötlun

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Að þróa heildstætt listnám ætlað fötluðu fólki 18 ára og eldra, í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands.
- Að bjóða upp á nám sem stuðlar að virkni einstaklingsins og styrk hans til áframhaldandi náms og nýsköpunar í nútíma samfélagi og að auka tækifæri fatlaðs fólks til að öðlast nýja reynslu.
- Markmiðið var að þróa og tilraunakenna heildstæða námskrá fyrir fólk með fötlun frá 18 ára aldri, alls 180 kennslustundir. Tækifæri til framhaldsfræðslu hafa verið af skornum skammti fyrir þennan markhóp. Þrátt fyrir að hafa þó haft aðgang að styttri námskeiðum, bæði almennum og/eða námskeiðum í samvinnu við Fjölmennt- símenntunar- og þekkingarmiðstöð þá er það nýbreytni að bjóða upp á samfellt nám sem stendur yfir lengra tímabil. Gert var ráð fyrir að námið verði 2 annir og kennt á dagtíma 2x í viku. Markhópur sá sem hafður var í huga voru þeir sem síður hafa haft tækifæri til að stunda samfellt nám eftir nám í framhaldsskóla. Þörf er á námi sem eflir og eykur sjálfstraust einstaklingsins og stuðlar að virkni og nýsköpun.

Sótt var um kr. 7.620.000 og fékkst styrkur að upphæð 2.500.000.

Náms- og starfsráðgjöf

Ráðgjöf við íbúa á Vesturlandi hefur eflst og dafnað og ráðþegar óska gjarnan sjálfir eftir viðtali hjá náms- og starfsráðgjafa. Ráðgjöfin er kynnt í námsvísi, á öllum námsleiðum og á ýmsum vinnustöðum og stofnunum. Einstaklingar sem sækja sér ráðgjöf eru með ólíkan bakgrunn þó markhópurinn sé enn sem fyrr fólk í atvinnulífinu sem ekki hefur lokið formlegri menntun. Allir þátttakendur á námsleiðum eru hvattir til að nýta sér ráðgjöf samhliða námi.

Eins og á árinu 2012 var sérstök áhersla lögð á að nemendur Stóriðjuskólans, bæði í grunn- og framhaldsnámi, fengju einstaklingsviðtöl, ráðgjöf og námstækni. Auk þess var við undirbúning Menntastoða lögð mikil áhersla á að ná til markhópsins með viðtölum og ennfremur að halda áfram ráðgjöf á meðan á námi stendur, en það getur skipt sköpum um námsframvindu og þrautseigju nemenda.

Áherslur í náms- og starfsráðgjöf eru einstaklingsmiðaðar en taka jafnframt mið af tíðarandanum. Helstu viðfangsefni á síðasta ári voru ferilskrárgerð, aðstoð við atvinnuleit og gerð atvinnuumsókna og aðstoð við starfsþróun. Ennfremur er ávallt eftirsókn í áhugasviðspróf, lesblindugreiningar, aðstoð við námsval og námsumsóknir, auk persónulegrar ráðgjafar.

Náms- og starfsráðgjöf við innflytjendur er stöðug og helst í hendur við atvinnuleit og íslenskunám. Erlendir atvinnuleitendur hafa margir komið í einstaklingsráðgjöf til ráðgjafa Símenntunarmiðstöðvarinnar, t.d. til að láta meta íslenskukunnáttu m.t.t. atvinnumöguleika, eða til að fá aðstoð við gerð atvinnuumsókna eða ferilskráa á íslensku.

Samstarfsaðilar eru Skagastaðir (virkniátak fyrir unga atvinnuleitendur), Vinnumálastofnun, Fjölbrautaskóli Vesturlands, stéttarfélög á Vesturlandi, Virk starfsendurhæfing, Endurhæfingarhúsið Hver, Akraneskaupstaður auk Rauða kross deilda á Vesturlandi.

Símenntunarmiðstöðin sinnti náms- og starfsráðgjöf fyrir Vinnumálastofnun en sú ráðgjöf fór fram í verktöku að mestu. Því sinnti Marín Björk Jónasdóttir. Ef með þurfti fengu atvinnuleitendur eftirfylgni hjá náms- og starfsráðgjafa Símenntunarmiðstöðvarinnar t.d. nánari upplýsingagjöf eða aðstoð við ákveðna þætti.

Guðrún Vala Elísdóttir starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, auk þess sem Marín Björk Jónasdóttir náms- og starfsráðgjafi starfaði sem verktaki árið 2013.

Alls voru tekin 284 viðtöl á árinu 2013, konur voru ívið fleiri eða 218 og karlar 166 talsins. Flestir ráðþega voru á aldrinum 18-40 ára og af 16 þjóðernum. Stór hluti ráðþega var atvinnuleitendur sem höfðu einungis lokið grunnskólaprófi.

Náms- og starfsráðgjöf
– Tölfræði

Tölfræði um náms- og starfsráðgjöf hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2013:

Kyn	Fjöldi viðtala
Karl	166
Kona	218
Samtals	**384**

Aldursbil	Fjöldi viðtala
0 - 25 ára	102
26 - 40 ára	165
41 - 55 ára	84
56 og eldri	33
Samtals	**384**

Staða á vinnumarkaði	Fjöldi viðtala
Annað	33
Atvinnuleitandi	214
Hlutastarf og hlutabætur	24
Í námi	10
Í starfi	80
Starfsendurhæfing	4
VMST	18
Öryrki	1
Samtals	**384**

Skólastig	Fjöldi viðtala
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	165
Grunnskóli	91
Háskólapróf	37
Iðn- eða starfsmenntun	48
Stúdentspróf	36
Annað	7
Samtals	**384**

Þjóðerni ráðþega	Fjöldi viðtala
Bahamas	3
Þýskaland	2
Guatemala	1
Írak	2
Ísland	345
Litháen	2
Palestína	3
Filipseyjar	1
Pólland	17
Serbía	1
Spánn	1
Bretland	1
Bandaríkin	2
Annað	3
Samtals	**384**


Fjöldi viðtala eftir stöðu á vinnumarkaði
250
200
150
100
50
0
33
232
24
10
80
4
1
Annað
Atvinnuleitandi
Hlutastarf og hlutabætur
Í námi
Í starfi
Starfsendurhæfing
Öryrki


Fjöldi viðtala - skipt eftir aldri
180
160
140
120
100
80
60
40
20
0
102
165
84
33
0 - 25 ára
26 - 40 ára
41 - 55 ára
56 og eldri


Skólastig ráðþega í vðtölum 2013
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)
Grunnskóli
Háskólapróf
Iðn- eða starfsmenntun
Stúdentspróf
Annað

Nám fyrir fólk með fötlun

Samstarf Símenntunarmiðstöðvarinnar og Fjölmenntar

Símenntunarmiðstöðin er með samning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeið sem ætluð eru fólki með fötlun 20 ára og eldra.

Í samningnum er m.a. kveðið á um að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fatlaða í landshlutanum.

Á árinu 2013 var boðið upp á fjölbreytt tómstundanámskeið um allt Vesturland, þ.á m. tónlist, leiklist, dans, smiðjur, hreyfingu, ljósmyndun og myndvinnslu, myndlist, o.fl.

Námskeiðin voru alls 12, auk þess sem seinni hlutinn af Heilsu- og tómstundabrautinni var kenndur á vorönn.

Námskeiðahald fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi árið 2013 gekk vel og mikill áhugi á fjölbreyttum námskeiðum og tækifærum til náms.

Þetta árið hafa verið nokkur dagsnámskeið í boði á mismunandi stöðum og hefur aðsóknin verið góð. Tengsl þátttakenda á svæðinu hafa eflst og almenn ánægja meðal þátttakenda með slíkt fyrirkomulag og verið hvati til frekara náms. Það er jákvætt til þess að vita að m.a. í kjölfar tónlistarnámskeiðs á Snæfellsnesi á haustönn 2011 hefur einn þátttakandi haldið sleitulaust áfram í tónlistarnámi við tónlistarskóla á svæðinu. Takmarkið er að vekja áhuga fleiri þátttakenda til frekara náms.

Á árinu var fjármagn til Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, til að sinna þessari þjónustu, skert frá árinu á undan eða um 25%. Vegna bágrar fjárhagsstöðu Fjölmenntar á árinu 2013 varð að grípa til þessarra aðgerða og varð niðurskurður á framlagi til flesta allra miðstöðvanna.

Þátttakendur voru alls 84, en þess ber að geta að sami einstaklingurinn sótti fleira en eitt námskeið á árinu og þess vegna eru færri kennitölur á bakvið þessa 84. Karlar voru í meirihluta þeirra sem sóttu námskeiðin, þ.e. 62 á móti 22 konum. Meðalaldur þátttakenda var 40 ár.

Námskeið fyrir fólk með fötlun – haldin á árinu 2013

Staður	Námskeið	Fj. þátt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Ævintýradagur með Ásu Hlín	10	12	120	2	8	31,2
Akranes	Dans	9	11	99	3	6	30,9
Borgarnes	Tónlist	4	11	44	0	4	48,8
Borgarnes	Leiklist	4	36	144	1	3	42
Borgarnes	Smiðja með Ellý í einn dag	13	15	195	4	9	31,9
Borgarnes	Fjölmennt - Heilsu- og tómst.braut	4	99	396	1	3	29,5
Dalir	Ljósmyndun og myndvinnsla í tölvu	3	18	54	2	1	53,7
Dalir	Myndlist (vor)	4	60	240	3	1	59
Dalir	Myndlistadagur	3	8	24	1	2	55
Dalir	Myndlist (haust)	4	8	32	2	2	60,8
Snæfellsbær	Hreyfing-dans-sköpun	13	6	78	2	11	34,5
Snæfellsbær	Hreyfing og jólakortagerð	6	6	36	1	5	26,8
Snæfellsbær	Listasmiðja	7	15	105	0	7	21,4
	Samtals	**84**	**305**	**1.567**	**22**	**62**	**40**

Heilsu- og tómstundabraut

Símenntunarmiðstöðin, í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða fékk styrk, úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu, til að þróa námskrá og tilraunakenna Heilsu- og tómstundabraut fyrir fólk með fötlun. Það verkefni gekk mjög vel og voru fjórir einstaklingar útskrifaðir af þeirri braut á vorönn 2013.

Við hjá Símenntunarmiðstöðinni erum mjög stolt af því að einn þessarra fjögurra þátt-takenda fékk inngöngu í starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun í HÍ á haustönn 2013.

Námskráin fyrir Heilsu- og tómstundabraut er í umsagnarferli, en markmiðið er að fleiri fræðsluaðilar í framhaldsfræðslu geti nýtt sér námskrána.

Listnámsbraut

Á árinu 2013 fór Símenntunarmiðstöðin í samstarf við Fræðslunet Suðurlands og sótti um styrk í Þróunarsjóð framhaldsfræðslu. Sótt var um styrk til að þróa og kenna Listnámsbraut ætlaða fólki með fötlun í samstarfi við Fjölmennt og Myndlistaskóla Íslands.

Sá styrkur sem úthlutaður var til verkefnisins nægir til að skrifa námsskrá fyrir brautina og fékkst samþykki frá stjórn sjóðsins til að fara í þá vinnu í byrjun árs 2014.

List án landamæra

Símenntunarmiðstöðin hefur einnig verið í samstarfi við List án landamæra sem er listahátíð með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins og er haldin árlega.

Á sumardaginn fyrsta var haldin sýning á verkum þátttakenda sem sóttu listnámskeið hjá Símenntunarmiðstöðinni. Um 60 manns sóttu sýninguna og ætlunin er að gera hana að árlegum viðburði.

Vefur Listar án landamæra er: ***www.listin.i***s

Samvinna verkefnisstjóra hjá símenntunarmiðstöðvunum

Verkefnisstjórar námstækifæra fólks með fötlun hjá símenntunarmiðstöðvunum hittust á sameiginlegum fundi á vorönn 2013 og var vilji til að halda slíka fundi einu sinni til tvisvar á ári. Samstarfið er mikilvægt og að þessi vettvangur sé fyrir hendi þar sem miðlað er reynslu og bornar saman bækur og starfið þróað áfram. Stefnan er að fara í áframhaldandi þróunarvinnu hjá þessum hópi á árinu 2014.

Umsjón með námi fyrir fólk með fötlun hefur Helga Björk Bjarnadóttir þroskaþjálfi, en hún starfaði sem verktaki hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2013.

Samstarfsverkefni
– innlend og erlend

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntunarmiðstöðin og Vinnumálastofnun hafa verið í miklu samstarfi undanfarin ár og atvinnuleitendur hafa nýtt sér fjölbreytt námstækifæri. Einnig hefur Marín Björk Jónasdóttir, náms- og starfsráðgjafi, starfað sem verktaki hjá Símenntunarmiðstöðinni og tekið viðtöl við atvinnuleitendur fyrir Vinnumálastofnun.

Á árinu 2013 voru 18 námskeið fyrir atvinnuleitendur, 168 þátttakendur, 92 konur og 76 karlar. Meðalaldur þátttakenda var 42 ár.

Hér má sjá yfirlit yfir þau námskeið sem voru haldin á árinu 2013:

	Árið 2013						
Staður	Námskeið	Fj. þátt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. Kvenna	Fj. Karla	Meðalaldur
Akranes	Vmst -Íslenska fyrir útlendinga	15	60	900	8	7	34
Akranes	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	14	60	840	7	7	35
Akranes	Vmst - Rafsuða	8	42	336	1	7	45
Akranes	Vmst - Sjálfsefling - kvíðastjórnun	8	12	96	4	4	30
Akranes	Vmst - Excel fyrir byrjendur	9	27	243	3	6	48
Akranes	Vmst - Tölvunámskeið-grunnatriði	8	27	216	0	8	45
Akranes	Vmst - Skrifstofuskólinn	9	240	2160	9	0	43
Akranes	Vmst - Excel fyrir byrjendur	11	27	297	5	6	48
Akranes	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	11	60	660	7	4	40
Akranes	Vmst - Atvinnuumsóknir og starfsf.skrá	12	9	108	10	2	40
Akranes	Vmst - Atvinnuumsóknir og starfsf.skrá	8	9	72	8	0	38
Akranes	Vmst - Tölvunámskeið-grunnatriði	8	27	216	4	4	51
Akranes	Vmst - Sterkari starfsmaður	8	150	1200	4	4	33
Borgarnes	Vmst - Verkfærakistan	5	65	325	4	1	53
Borgarnes	Vmst - Sjálfsefling - kvíðastjórnun	8	12	96	4	4	42
Borgarnes	Vmst - Tölvunámskeið - grunnatriði	9	27	243	5	4	49
Snæfellsbær	Vmst - Verkfærakistan	6	65	390	6	0	39
Stykkishólmur	Vmst - Verkfærakistan	11	65	715	3	8	50
	Samtals	**168**	**984**	**9.113**	**92**	**76**	**42**
	Heildarfjöldi námskeiða: 18						

Atvinnuleitendur í námi hjá SMV 2009-2013

Ár	Fj. námskeiða	Fjöldi þátt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
2013	18	168	984	9.113	92	76	42
2012	29	262	1.365	11.993	120	142	47
2011	36	359	2.610	27.497	161	198	42
2010	46	468	2.902	33.616	231	238	38
2009	9	90	296	3.169	47	40	40

Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi

Verkefnisstjórn og starfsfólk á Ísafirði.

Þetta verkefni er eitt nokkurra verkefna sem sett voru af stað í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins vorið 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði samning við Háskólann á Bifröst um framkvæmdina og umsýslu. Skipuð var verkefnisstjórn þar sem sitja fulltrúar atvinnulífs, stéttarfélaga, sveitarfélaga, skóla- og fræðslustofnana í kjördæminu. Meginmarkmið verkefnisins er að kanna þörf fyrir menntun á meðal einstaklinga og fyrirtækja í Norðvesturkjördæmi, stuðla að auknu samstarfi fræðsluaðila, kanna þörf fyrir námsstyrki og þróa aðferðir við mat á fyrra námi og reynslu inn í hið hefðbundna skólakerfi.

Meginmarkmið verkefnisins er að:

- Kanna þörf meðal einstaklinga á vinnumarkaði í Norðvesturkjördæmi fyrir menntun og gera tillögur að nýjum námsúrræðum ef þörf reynist.
- Stuðla að auknu samstarfi framhaldsfræðsluaðila, framhaldsskóla og háskóla á svæðinu um menntun á vinnumarkaði.
- Þróa og gera tilraunir með aðferðir sem auðvelda mat á fyrra námi og reynslu inn í hið hefðbundna skólakerfi og gera tillögu um framtíðarskipan þeirra mála.
- Kanna þörf fyrir námsstyrki, þróa og prófa útfærslur á slíku kerfi í framhaldi af þeirri tilraun sem gerð var í átakinu Nám er vinnandi vegur (NVV).
- Meta kostnað við einstök verkefni og verkefnaþætti.[1]

[1] Vefur mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sjá slóð:
http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7680
Verkefnalýsing, útgáfa 9, dags. 14.11.2013. Unnið af starfsfólki tilraunaverkefnis um menntun í Norðvesturkjördæmi

Sumarið 2013 voru tekin 828 viðtöl við stjórnendur og starfsfólk fyrirstækja og stofnana í kjördæminu, auk þess var gerð fyrirtækjakönnun og einnig úrtakskönnun úr þjóðskrá. Í framhaldinu voru mótaðar tillögur um hvernig hægt sé að efla menntun í í kjördæminu.

Þessar tillögur skiptast í fjóra flokka:
- Efling aðsóknar að iðn- og tækninámi
- Fræðsluerindreki
- Klæðskerasaumað nám í völdum greinum
- Ný nálgun í íslenskunámi fyrir innflytjendur

Miðað við verkefnaáætlun, sem samþykkt hefur verið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, þá er Háskólinn á Bifröst umsjónaraðili verkefnisins og gerir síðan verktakasamning við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi.

Miðað við þær forsendur sem gefnar eru í verkefnaáætlun þá verður að fjölga starfsfólki, tímabundið, til að vinna að markmiðum verkefnisins.

Við erum hér fyrir þig

Símenntunarmiðstöðin, í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra og Fræðslumiðstöð Vestfjarða, vann að nýrri námsskrá, Við erum hér fyrir þig, á árinu 2013 en styrkur til verkefnisins hafði fengist árið áður úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Þessari nýju námskrá er ætlað að svara kalli atvinnulífsins; ferðaþjónustuaðila og verslunareigenda á landsbyggðinni fyrir stutt þjónustunámskeið fyrir starfsfólk sem á í samskiptum við viðskiptavini.

Á vordögum 2013 var námskráin tilraunakennd á Akranesi og á Sauðárkróki en á Vestfjörðum var námsskráin tilraunakennd í nóvember 2013. Meðal þátttakendanna, og einnig fyrirtækjanna sem sendu starfsfólk sitt á námskeiðið, var almenn ánægja með námskeiðið og því ljóst að um nauðsynlegt skref var að ræða. Með tilkomu þessarar námskrá er hægt að bjóða upp á stutt og hnitmiðuð námskeið sem henta jafnt fastráðnum starfsmönnum sem og þeim er koma til starfa til styttri tíma, t.d. sumarstarfsfólki. Fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar í verkefninu var Hekla Gunnarsdóttir.

Enska fyrir innflytjendur

Enskunámskeið var haldið fyrir fólk af erlendum uppruna, sem ekki hefur nægjanlega enskukunnáttu til framhaldsnáms hérlendis. Um er að ræða samstarfsverkefni Fjölbrautaskóla Vesturlands (FVA) og Símenntunarmiðstöðvarinnar sem lýkur á árinu 2014. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur geti tekið fornámsáfanga í FVA að þessu námskeiði loknu. Kennsla er einstaklingsmiðuð og unnið með tölvu og upplýsingatækni samhliða. Því miður náðist ekki í nema þrjá nemendur til að taka þátt á fyrri önninni, þrátt fyrir að vera vel kynnt og auglýst. Verkefnastjóri er Guðrún Vala Elísdóttir.

Fræðslustjóri að láni

Á árinu 2013 gerði Símenntunarmiðstöðin samning við Borgarbyggð og Akraneskaupstað um verkefnið „Fræðslustjóri að láni" fyrir almenna starfsmenn sveitarfélaganna.

Við undirritun samnings við Borgarbyggð var brotið blað, en þetta var í fyrsta skipti sem starfsmenntasjóðirnir Kjölur og Starfsmennt stóðu sameiginlega að formlegum samningi við sveitarfélag.

Hjá báðum sveitarfélögunum er framkvæmd þarfagreining fyrir fræðslu og í framhaldinu gerð heildstæð fræðsluáætlun fyrir starfsmenn sveitarfélaganna sem eiga aðild að Stéttarfélagi Vesturlands, Kili – Stéttarfélags í almannaþjónustu, Verkalýðsfélagi Akraness og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Í verkefninu „Fræðslustjóri að láni" er notast við aðferðafræði sem heitir Markviss, sem er aðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum. Með Markviss er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna.

Markvissráðgjafar eru Kristín Björg Árnadóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

Við undirskrift samnings við Akraneskaupstað.

Við undirskrift samnings við Borgarbyggð.

Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í tveimur Evrópuverkefnum, *Leonardo* og *Grundtvig*, sem hófust árið 2011 og lauk árið 2013. Símenntunarmiðstöðin tekur þátt í nýju Grundtvigverkefni sem hófst árið 2013 og lýkur árið 2015.

Increase MOTIVATION and improve EMPLOYABILITY

Þetta var Leonardoverkefni, en 5 lönd tóku þátt í verkefninu auk Íslands, þ.e. Þýskaland, Pólland, Ítalía, Spánn og Holland. Verkefnið hófst 2011 og lauk árið 2013.

Markmiðið með verkefninu var að efla frumkvöðlahugsun og fjölmenningarlega færni, sérstaklega í hópi atvinnulausra. Samstarfsaðilar í verkefninu miðluðu allir af reynslu sinni og þekkingu í að starfa með markhópnum. Afleiðingar (langtíma) atvinnuleysis eru oft aðgerðaleysi, einangrun og lágt sjálfsmat. Eftir fjölda misheppnaðra tilrauna til að fá vinnu, fyllast margir vonleysi og finna ekki hjá sér hvata og frumkvæði heldur gefast einfaldlega upp á atvinnuleitinni. Helstu þættirnir í samstarfinu snérust um það hvernig megi leysa þetta vandamál sérstaklega með því að stuðla að frumkvöðlafærni og fjölmenningarlegri færni. Í samstarfinu var því lögð áhersla á að leita leiða til að styrkja frumkvöðlafærnina innan hóps atvinnulausra. Það er löng reynsla af frumkvöðlasmiðjum og vitað er að þær virka mjög hvetjandi á þátttakendur. Margir koma auga á eigin styrkleika og ákveða að setja sér framtíðarmarkmið. Takmarkið með slíkum smiðjum er samt EKKI að þátttakendur stofni eigið fyrirtæki, heldur er reynt að hjálpa því að uppgötva eigin hagsmuni og styrkleika. Þátttakendur setja sér raunhæf markmið og þróa með sér hvata til að t.d. hefja nám að nýju eða leita leiða til að finna nýtt starf. Auk þess að ræða og leita leiða til að styrkja frumkvöðlafærni var það eitt af verkefnum samstarfshópsins að fjalla um vel heppnuð verkefni sem virka til hvatningar og styrkingar fyrir atvinnuleitendur í hverju þátttökulandi og er fjallað um þau ásamt fjölda annarra atriða í lokahandbók verkefnisins: HAGNÝTUR LEIÐARVÍSIR – Virkja, Hvetja, Styrkja.

Hér má nálgast leiðarvísinn – Practical guidance:
http://www.europeansharedtreasure.eu/search.php?txt_search=MOEM

Ástæðan fyrir því að Símenntunarmiðstöðin tók þátt í þessu verkefni er að Vinnumálastofnun og Símenntunarmiðstöðin hafa þróað í sameiningu frumkvöðlasmiðjur fyrir atvinnuleitendur og hafa þessi námskeið gefist vel. Á árunum 2010 og 2011 voru haldnar, á Vesturlandi, 11 frumkvöðlasmiðjur fyrir atvinnuleitendur, alls 156 einstaklinga. Þar af voru tvær frumkvöðlasmiðjur sérsniðnar fyrir innflytjendur.

Þrír fulltrúar frá Vesturlandi tóku þátt í verkefninu, þ.e. Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, Guðrún Gísladóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Vesturlandi og G. Ágúst Pétursson leiðbeinandi í frumkvöðlasmiðjum fyrir atvinnuleitendur.

SMART VILLAGES | Sustainable villages and education

Þetta er Grundtvigverkefni, en það voru fulltrúar frá fjórðum löndum, auk Íslands sem tók þátt, þ.e. Hollandi, Bretland, Portúgal og Slóvenía. Verkefnið hófst 2011 og lauk árið 2013.

Verkefnið fjallaði m.a. um það hvernig lítil dreifbýlissamfélög eru að verða meira og meira meðvituð um mikilvægi þess að auka sjálfbærni í sínu samfélagi. Fjallað var um ýmis málefni t.d. um orkunotkun, landnotkun, matar og heilsumálefni, úrgangsefni, vatnsnotkun, samgöngumál og símenntunarmál. Til þess að hægt sé að ná árangri til lengri tíma til sjálfbærni þá þarf að ná til alls samfélagsins, þ.m.t. allra minnihlutahópa.

Í SMART verkefninu var horft á hvernig sí- og endurmenntun getur haft áhrif á umræðuna um ofangreind málefni. Skoðað vr hvernig menntun gæti stuðlað að því að virkja íbúa í samfélögum sem eru að vinna að sjálfbærni.

Fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar tók á móti hópnum í júní 2013 og var m.a. farið í heimsókn á Bjarteyjarsand í Hvalfirði, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi, ráðhúsið í Stykkishólmi þarf sem hópurinn fékk fyrirlestur um Earth Check og sjálfbæra ferðaþjónustu.

Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast hér:
http://beasmartcommunity.wordpress.com/

Fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar í verkefninu var Kristín Björg Árnadóttir.

YOUNG WOMEN ORIENTATION FOR LABOR INTEGRATION

Í þessu verkefni taka 9 lönd þátt, en þau eru: Rúmenía, Pólland, Bretland, Spánn, Belgía, Tékkland, Írland, Þýskaland og Ísland. Verkefnið hófst árið 2013 og lýkur 2015.

Meginmarkmiðið með verkefninu er að skiptast á reynslu og hugmyndum um hvernig megi styrkja og styðja við konur á aldrinum 20-30 ára sem hafa lokið eða eru við það að ljúka framhaldsskólanámi og eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði.

Aðstæður eru mjög ólíkar í þessum löndum hjá konum á þessum aldri, en hlutverk Símenntunarmisðtöðvarinnar í þessu verkefni er m.a. að miðla af þeirri reynslu og þekkingu sem hefur skapast við að halda svokallaðar frumkvöðlasmiðjur fyrir atvinnuleitendur. Hópurinn kemur til Íslands í júní 2014 og verður haldin vinnusmiðja fyrir þátttakendur í verkefninu sem byggir á hugmyndafræði frumkvöðlasmiðja.

Inga Dóra Hallórsdóttir hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Coach – coach – go!

Símenntunarmiðstöðin tekur þátt í verkefninu Coach – coach – go! sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er aðili að, en þátttakendur koma frá Belgíu, Íslandi, Ítalíu, Svíþjóð og Þýskalandi. Verkefnið gengur út á að kynna aðferðafræði markþjálfunar (coaching) og kanna hvernig hún nýtist í starfi með fullorðnum námsmönnum, auk þess að meta mismunandi nálganir á markþjálfun. Fyrir íslenska þátttakendur hafa verið haldnir þrír fundir hjá FA, hópur er starfandi á Facebook um verkefnið, auk þess sem skjöl sem tengjast verkefninu eru aðgengileg fyrir þátttakendur á Dropbox. Verkefninu lýkur um mitt ár 2014.

Fulltrúi Símenntunarmiðstövarinnar í verkefninu er Guðrún Vala Elísdóttir.

Bibliodrama as a way of intercultural learning for adults

Guðrún Vala Elísdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöðinni fékk Grundtvig styrk ásamt fjórum öðrum Íslendingum til þess að taka þátt í alþjólegri BASICS ráðstefnu í Kraká í Pólandi frá 18 -21. maí 2013.

BASICS stendur fyrir ,,Bibliodrama as a way of intercultural learning for adults" en heiti ráðstefunnar var „Reading sacred texts: a sourse of division or a medium for positive encounter?"

Á ráðstefnunni voru um 100 manns frá 10 löndum og með ólíkan menningar- og trúarlegan bakgrunn. Sérfræðingar í bibliodrama stýrðu vinnustofum og hópverkefnnum til að æfa samræðulist í millimenningarfærni og þjálfa aðferðir bibliodrama m.a. með verklegum æfingum, leikrænni tjáningu, sögulegum samræðum, „psychodrama", ásamt öðrum skapandi aðferðum um hvernig hægt er að vinna með helga texta á einlægan hátt og af virðingu fyrir mismunandi trúarbrögðum og menningu.

Fjarnám

Þjónusta við fjarnema

Símenntunarmiðstöðin þjónustar fjarnema samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Framboð fjarnáms á háskólastigi eykst stöðugt og við flesta íslenska háskóla er boðið upp á fjarnám af einhverju tagi. Kennsluaðferðir eru samkvæmt ákvörðun skóla hverju sinni. Sumar námsbrautir gera ráð fyrir að nemendur stundi námið eingöngu í gegnum tölvubúnað, aðrar gera ráð fyrir notkun á myndfundabúnaði, sumar námsbrautir gera þá kröfu til nemenda að þeir mæti í námslotur meðan aðrar gera minni kröfur um slíkt. Nám er í vissum tilfellum háð því að ákveðinn fjöldi náist í námshópa og ræðst þá staðsetning af myndfundabúnaði og nemendahópi.

Símenntunarmiðstöðin (SMV) kynnir fjarnám á háskólastigi, veitir fjarnemum þjónustu í náms-verum þar sem eru myndfundabúnaðir, tölvutengingar og umsjón með próftöku. SMV veitir jafnframt ráðgjöf og upplýsingar til verðandi fjarnema og nemenda í námi. Námsráðgjöf er einnig veitt hjá öllum háskólunum og SMV.

Íbúar á Vesturlandi, sem eru í fjarnámi við íslenska háskóla, gefst kostur á að taka prófin í heimabyggð á Vesturlandi. Próftaka fer að mestu fram á eftirtöldum stöðum:

- Húsnæði Símenntunar á Akranesi
- Húsnæði Símenntunar í Borgarnesi
- Átthagastofa Snæfellsbæjar í Ólafsvík
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Stjórnsýsluhús Dalabyggðar

Þróun á fjölda próffyrirlagna á Vesturlandi 2009-2013



Þegar skoðað er hvar nemendur er að þreyta prófin þá má sjá að flestir eru á Akranesi. Það skýrist af því að hópur af hjúkrunarfræðinemum frá Háskólanum á Akureyri er með prófstað á Akranesi. Nánast engin próf frá Háskóla Íslands eru þreytt á Akranesi vegna kílómetrareglu hjá skólanum sjálfum – einhverjar undantekningar hafa þó verið gerðar vegna veikinda og annarra ástæðna.

Yfirlit yfir fjölda próffyrirlagna á Vesturlandi á árunum 2009-2013

STAÐUR	2009	2010	2011	2012	2013
Akranes	108	183	225	247	255
Borgarnes	139	138	112	120	169
Búðardalur	8	18	6	8	26
Grundarfjörður	64	38	62	56	30
Snæfellsbær	36	67	74	100	63
Stykkishólmur	48	88	81	46	49
Samtals	**403**	**532**	**560**	**577**	**592**

Fjöldi próffyrirlagna hefur aukist jafnt og þétt og fólk kann vel að meta þessa þjónustu í heimabyggð. Eins og sjá má á töflunni hér að ofan þá hefur próffyrirlögnum fjölgað mjög frá árinu 2009.

Einnig er áhugavert að skoða frá hvaða skólum er verið að taka próf. Hér má sjá að töluverð aukning er í próftöku frá Háskólanum á Akureyri á meðan fækkun er hjá Háskólanum á Bifröst og Háskóla Íslands. Aðrir skólar eru t.d. Keilir, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og fleiri skólar. Þarna hefur orðið greinileg aukning og ljóst að fleiri og fleiri nemendur sækja orðið í að fá að taka prófin sín í heimabyggð sem sýnir mikilvægi þess að Símenntunarmiðstöðin geti veitt þessa þjónustu.






Skipting próffyrirlagna eftir skólum 2012-2013
Aðrir skólar
11%
13%
Háskóli Íslands
15%
13%
Háskólinn á Bifröst
23%
22%
Háskólinn á Akureyri
51%
52%
0%
10%
20%
30%
40%
50%
60%
2012
2013


Fjöldi próffyrirlagna eftir svæðum 2013
8%
11%
5%
4%
43%
29%
Akranes
Borgarnes
Búðardalur
Grundarfjörður
Snæfellsbær
Stykkishólmur

Málþing og ráðstefnur

Málþing um innflytjendur

Símenntunarmiðstöðin var aðili að málþingi um menntun innflytjenda ásamt Mími-símenntun og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Málþingið var eitt af fimm málþingum í verkefninu ,,European Agenda for Adult Learning" á vegum Mennta og menningaráðuneytisins í samstarfi við Kvasi. Málþingið var haldið 10. apríl á Hótel Sögu og aðsókn góð. Af nægu var að taka og dagskráin þétt, en nefna má umfjöllun um náms- og starfsráðgjöf við innflytjendur, mat á námi erlendis frá, IPA samstarfsverkefni, nýtingu á starfsmenntasjóðum og sagt frá ýmsum nýjum verkefnum og nálgunum.

Menntaþing í Borgarbyggð

Fræðslunefnd Borgarbyggðar bauð fulltrúa Símenntunarmiðstöðvarinnar að taka þátt í undirbúningi menntaþings í Borgarbyggð.

Markmiðið með menntaþinginu var m.a. að ræða hvernig mætti efla samvinnu menntastofnana í héraðinu og var lagt upp með þessar spurningu á þinginu: „Hvernig vinnum við saman?" Menntaþingið var haldið 19. apríl 2013 og tóku rúmlega 200 manns þátt í þinginu.

Niðurstöður Menntaþingsins hafa verið nýttar sem grunngögn við mótun skólastefnu Borgarbyggðar og á Símenntunarmiðstöðin fulltrúa í þeirri vinnu.

Framhaldsfræðsla á Íslandi
– hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið:
www.menntamalaraduneyti.is
http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/

Lög um framhaldsfræðslu 27/2010:
http://www.althingi.is/lagas/139a/2010027.html

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:
www.frae.is

Gátt – ársrit fræðslumiðstöðvarinnar 2013
http://frae.is/um-fa/gatt-arsrit/gatt-2013/

Leikn – samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi
www.leikn.is

Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva
www.fraedslumidstodvar.is

Framhaldsfræðsla erlendis
– hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu
http://www.nordvux.net/

Samtök fullorðinsfræðslu í Evrópu
www.eaea.org

UNESCO-United Natitons, Educational, Scientific and Cultural Organizations
www.unesco.org

Lokaorð

Það er mikil gróska í framhaldsfræðslunni nú sem aldrei fyrr og við sem þar störfum finnum fyrir auknum áhuga á samstarfi og þátttöku í alls kyns þróunar- og samstarfsverkefnum.

Við verðum líka vör við aukinn áhuga atvinnulífsins á að standa að skipulagðri og markvissri fræðslu fyrir starfsfólk og virðist sem verið sé að mæta ákveðinni uppsafnaðri þörf allt frá efnahagshruni.

Það er mikilvægt að sinna fræðsluþörf starfsfólks, að öðrum kosti eigum við erfiðara með að takast á við breytingar í starfsumhverfinu og mæta þeim þörfum sem gerðar eru.

Undanfarin ár hefur Símenntunarmiðstöðin verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og skipulagt fjölda námskeiða fyrir atvinnuleitendur, en það má sjá á samanburðartölum síðustu ára að dregið hefur verulega úr því, m.a. vegna minnkandi atvinnuleysis í landshlutanum og niðurskurðar á fjárveitingum til Vinnumálastofnunar.

Viðsnúningur er því að verða á starfsemi Símenntunarmiðstöðinni í þá átt að áherslan er meiri á að skipuleggja fræðsluáætlanir og námstækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir í landshlutanum. Við verðum einnig vör við að fólk vill fá fleiri námstækifæri í fjarnámi eða dreifnámi.

Haustið 2013 fórum við af stað með svokallaðar Menntastoðir í dreifnámi sem er fullnægjandi undirbúiningur fyrir frumgreinadeildir háskólanna Þetta nám hefur gefist mjög vel og fólk kann vel að meta að mæta mánaðarlega í staðlotur en geta þess á milli sótt fyrirlestra og átt samskipti við kennarana á netinu. Fólk vill meiri sveigjanleika í námi og þeim þörfum þurfum við að mæta.

Að mínu mati er framtíðin björt í framhaldsfræðslunni, en veldur hver á heldur.

Við þurfum að vera vakandi fyrir breytingum, nýjum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum í innlendum og erlendum þróunarverkefnum. Í þekkingaröflun og þekkingarmiðlun felst mikil auðlind sem bæði eykur okkar persónulegu hæfni sem og starfshæfni.

Inga Dóra Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

ársskýrsla **2013**

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
á Vesturlandi